

Að þessu athuguðu þykir skattstjóri ekki hafa rökstutt nægilega álit sitt um of lágan lífeyri, og verður því ekki á þessum lið byggð áætlun um tekjuhækkun.

5.0.

5.1. Af framanskráðu er ljóst, að skattstjóri og ríkisskattanevnd hafa ekki rökstutt nægilega áætlanir um hækkun á tekjum, svo sem ber þó að gera lögum samkvæmt. Af þeirri ástæðu ber að synja um framkvæmd hinnar umbeðnu gerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að gerðarbeiðendur, bæjarsjóður Kópavogs og skattheimta ríkissjóðs í Kópavogi, greiði gerðarpola málskostnað in solidum, og telst hann hæfilega ákveðinn kr. 30.000.

Úrskurðarorð:

Synjað er um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Gerðarbeiðendur, bæjarsjóður Kópavogs og skattheimta ríkissjóðs í Kópavogi, greiði gerðarpola, Grími S. Runólfsyni in solidum málskostnað, kr. 30.000.

Fimmtudaginn 3. mars 1977.

Nr. 219/1974. **Bergþóra Jónsdóttir og**
Halldór Jónsson, eigendur Stekkholts,
 (Páll S. Pálsson hrl.)
 gegn
Birni Sigurðssyni, eiganda Úthlíðar II,
Sigurði Jónssyni, eiganda Úthlíðar I,
 (Sigurður Ólason hrl.)
 og
Hauki Þórðarsyni og
Steinari Þórðarsyni, eigendum Hrauntúns
 (Hjörtur Torfason hrl.).

Gagnaöflun.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Aður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, þykir rétt samkvæmt 58. gr. laga nr. 75/1973, sbr. 120. gr. laga nr. 85/1936, að veita aðiljum kost á að afla gagna um þau atriði, er hér greinir:

1. Leitt verði í ljós fyrir dómi, hvort nokkur ágreiningur er um landamerki jarðanna Úthlíðar I og II, Stekkholts og Hrauntúns og aðliggjandi jarða. Ef svo er, skal greina aðilja þá, sem að ágreiningnum standa, og marka þrætulandið á uppdrátt.

2. Aðiljar gefi skýrslur fyrir dómi um það, hvernig háttað hefur verið hagnýtingu landareignar Úthlíðartorfu, þ. e. Úthlíðar I og II, Stekkholts og Hrauntúns, sbr. 1. gr. laga nr. 46/1941. Einnig verði aflað annarra tiltækra gagna um þetta atriði.

3. Til skýringar á ákvæði yfirlandskiptagerðar um umferðarrétt ábúanda Stekkholts með fjárrekstra yfir skipt lönd Úthlíðar I og II og Hrauntúns verði yfirlandskiptamenn krafðir umsagnar um eða vættis fyrir dómi um umferðar-ákvæði 4. tl. yfirlandskiptagerðarinnar.

4. Loks er aðiljum veittur kostur á að afla gagna um önnur atriði, sem framangreind gagnaöflun kann að veita efni til.

Alyktarorð:

Aðiljum veitist kostur á að afla framangreindra gagna.
